



Tollstjórinn í Reykjavík

THE ICELANDIC CUSTOMS

Dagsetning/Date

10. nóvember 2008

Tilvísun/Reference

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. Þ 136/54
komudagur 12.11.2008

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 28. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940 (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti).

Þau sakamál sem tollstjórum er heimilt ljúka með sektarákvörðun og upptöku eigna eru tilgreind í tollalögum nr. 88, 2005, sbr. 2.mgr. 185.gr. Þessi mál eru rannsökuð af tollstjórum svo sem efni standa til, sbr. 183.gr. laganna. Tollstjórum er ekki falið ákærvald og verða þeir því að vísa öllum stærri málum til lögreglustjóra eða efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til frekari meðferðar og lúkningar. Í flestum þessara mála fer þó fram talsverð rannsókn hjá embætti tollstjórans í Reykjavík áður en þau eru send lögreglustjórum. Mál af því tagi sem frumvarpið fjallar um gætu því komið til kasta embættisins á fyrstu stigum þeirra en yrðu síðan afhent lögreglu til áframhaldandi meðferðar. Að því marki sem þessi mál gætu komið til kasta embættis tollstjórans í Reykjavík þá telur embættið þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu vera til þess fallnar að styrkja yfirvöld í baráttunni gegn þeim alvarlegu brotum sem hér um ræðir.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er að finna nákvæma greinargerð um ástæður þess að frumvarpið er fram komið og að hverju er stefnt með því. Athugasemdirnar bera þess vott að ítarleg skoðun hafi farið fram á refsiréttarlegum áhrifum breytinganna sem og þeim samningsskyldum sem Ísland hefur undirgengist í þessum eignum, t.d. skv. Palermo-samningnum og Evrópuráðssamningnum um varnir gegn hryðjuverkum og aðgerðir gegn mansali, sem allir hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu.

Þær lagabreytingar sem frumvarpið hefði í för með sér væru að mati tollstjórans í Reykjavík til mikilla bóta og er af hálfu embættisins mælt með því að frumvarpið verði lögfest.


Egill Stephensen, deildarstj.
